Landið og miðin

Flatarmál landsins	103.000 km²
- þar af í 0-200m hæð	24.700 km²
- þar af í 200-400 m hæð	18.400 km²
- þar af í 400 m hæð	59.900 km²
Jöklar	12.000 km²
Hraun	11.000 km²
Vötn	3.000 km²
Ræktað land	1.100 km²
Ræktanlegt land	20.000 km²
Landgrunn að 200 m dýpi	111.000 km²
Landgrunn að 400 m dýpi	183.000 km²
Fiskveiðilögsagan (200 mílur)	758.000 km²

Þjóðin[1]

Mannfjöldi 1. desember 1986-1997 skv. þjóðskrá:

1986: 244.009	*1990: 255.708*	*1994: 266.783*
1987: 247.357	*1991: 259.577*	*1995: 267.806*
1988: 251.690	*1992: 262.193*	*1996: 269.727*
1989: 253.500	*1993: 264.922*	*1997: 272.064*

	Árleg meðaltöl		*Einstök ár*		
	1981-'85	*'86-'90*	*1993*	*1994*	*1995*
Miðað við 1000 íb.					
Lifandi fæddir	17,8	17,7	17,5	16,7	16,0
Dánir	6,9	6,9	6,6	6,5	7,2
Fæddir umfr. dána	10,9	10,8	10,9	10,2	8,8

Árleg fjölgun skv. þjóðskrá:

1975-1980	0,91%
1980-1985	1,10%
1985-1990	1,11%
1993	1,04%
1994	0,70%
1995	0,38%
1996	0,72%
1997	0,87%

Mannfjöldi	
1703	50.358
1801	47.240
1901	78.470
1920	94.690
1940	121.474
1960	177.292
1970	204.578
1980	228.187

Meðalævilíkur nýfæddra	*Karlar*	*Konur*
1851-1860	32,9	38,3
1891-1900	44,7	51,8
1911-1920	52,6	57,9
1941-1950	66,1	70,3
1971-1975	71,6	77,5
1981-1985	74,1	79,9
1991-1995	76,3	80,8

Aldursskipting mannfjöldans 31. des. 1996 (í %):

	Karlar	*Konur*	*Alls*
0-9	8,5	8,0	16,5
10-19	7,8	7,6	15,4
20-29	7,6	7,4	15,0
30-39	7,9	7,8	15,7
40-49	6,9	6,6	13,4
50-59	4,5	4,4	8,9
60-69	3,6	3,8	7,3
70 ára og eldri	3,4	4,4	7,8
Alls	50,1	49,9	100,0

Merking tákna:

*	Bráðabirgðatala eða áætlun.
0	Minna en helmingur einingar.
-	Núll, þ.e. ekkert.
...	Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
.	Tala á ekki við.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Hagtölum mánaðarins, en eru beðnir að geta heimildar.

Íbúafjöldi í einstökum kjördæmum 1. desember ár hvert:

	1995	*1996*	*1997*
Reykjavík	104.276	105.458	106.617
Reykjanes	69.955	71.438	73.443
Vesturland	14.154	14.007	13.934
Vestfirðir	9.018	8.865	8.634
Norðurland vestra	10.208	9.995	9.804
Norðurland eystra	26.664	26.659	26.588
Austurland	12.780	12.680	12.548
Suðurland	20.754	20.625	20.496

Byggðarkjarnar með fleiri en 200 íbúa 1. des. 1997:

Reykjavík	106.617	Patreksfjörður	776
Kópavogur	19.802	Reyðarfjörður	682
Hafnarfjörður	18.203	Hvolsvöllur	675
Akureyri	15.048	Vopnafjörður	651
Keflavíkurþéttbýli	10.278	Hvammstangi	641
Garðabær	7.842	Fáskrúðsfjörður	631
Mosfellsbær	5.211	Skagaströnd	630
Akranes	5.127	Vogar	625
Vestmannaeyjar	4.640	Hella	605
Seltjarnarnes	4.615	Hellissandur og Rif	558
Selfoss	4.321	Eyrarbakki	529
Ísafjarðarþéttbýli	3.306	Hólmavík	448
Sauðárkrókur	2.678	Stokkseyri	444
Húsavík	2.493	Þórshöfn	439
Grindavík	2.130	Djúpivogur	411
Höfn	1.825	Raufarhöfn	381
Borgarnes	1.717	Fellabær	358
Hveragerði	1.669	Þingeyri	340
Egilsstaðir	1.634	Tálknafjörður	302
Siglufjörður	1.632	Vík í Mýrdal	299
Neskaupstaður	1.559	Grundarhverfi	295
Dalvík	1.502	Stöðvarfjörður	295
Álftanes, Bessast.hr.	1.359	Flateyri	289
Sandgerði	1.311	Bíldudalur	279
Stykkishólmur	1.263	Suðureyri	269
Þorlákshöfn	1.222	Búðardalur	264
Garður, Gerðahr.	1.140	Grenivík	262
Ólafsfjörður	1.098	Flúðir	251
Bolungarvík	1.094	Hrísey	241
Eskifjörður	1.009	Reykjahlíð, Skútust.hr.	228
Ólafsvík	985	Súðavík	226
Blönduós	981	Breiðdalsvík	217
Grundarfjörður	819	Hofsós	210
Seyðisfjörður	800		

Hlutfallsleg atvinnuskipting í %[2]:	*1985*	*1990*	*1995*
Landbúnaður	6,1	5,5	4,5
Fiskveiðar	5,0	5,6	5,2
Fiskvinnsla	8,0	6,0	5,9
Iðnaður, annar en fiskiðnaður	14,6	12,7	11,3
Byggingarstarfsemi og rekstur veitna	10,4	10,1	9,0
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	15,0	14,3	14,8
Samgöngur	6,8	6,9	6,8
Peningastofnanir og tryggingar	6,8	8,2	8,6
Opinber starfsemi	16,5	18,3	19,8
Ýmis þjónusta og önnur starfsemi	10,7	12,3	14,0

1. Heimild: Hagstofa Íslands. 2. Heimild: Þjóðhagsstofnun.

HAGTÖLUR MÁNAÐARINS

292. blað.

Júlí 1998. Efni var tilbúið til prentvinnslu 27. júlí.

Útgefandi: Hagfræðisvið Seðlabanka Íslands. Heimasíða: http://www.sedlabanki.is

ISSN 0256-7288

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

ÞRÓUN PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA Á FYRRI HLUTA ÁRS 1998

Efnahagsuppsveiflan hefur haldið áfram að setja mark sitt á þróun peninga- og gjaldeyrismála á árinu 1998 eins og var 1997. Vöxtur peninga- og lánastærða hefur endurspeglað vaxandi umsvif í efnahagslífinu og gengi krónunnar hefur styrkst í kjölfar sterkari stöðu efnahagslífsins og aðgerða Seðlabankans. Seðlabankinn hefur beitt aðhaldssamri stefnu í peningamálum sem einkum hefur falist í tiltölulega háum vöxtum á peningamarkaði sem hafa stuðlað að styrkingu gengis krónunnar. Vaxandi ójafnvægis hefur áfram gætt í utanríkisviðskiptum sem endurspeglar m.a. ónógan þjóðhagslegan sparnað. Verðbólga hefur verið og er tiltölulega lág og atvinnuleysi hefur farið minnkandi. Vextir á skuldabréfamarkaði lækkuðu verulega fyrstu mánuði ársins. Millibankamarkaður fyrir krónur hefur vaxið hröðum skrefum á árinu eftir að bankinn breytti fyrirgreiðslu sinni við lánastofnanir í byrjun mars, og í júní voru settar sérstakar reglur um millibankamarkaðinn sem kveða á um skyldur markaðsaðila og hlutverk Seðlabanka.

Stjórntækjabreytingar Seðlabankans

Verulegar breytingar hafa orðið á stjórntækjum Seðlabankans undanfarna mánuði sem hafa náð til bindiskyldu, lausafjárkröfu og ýmissa fyrirgreiðslu- og innlánsforma bankans. Tilgangurinn var annars vegar að samræma starfsskilyrði og aðgang lánastofnana að fyrirgreiðslu í Seðlabankanum og hins vegar að samræma starfsskilyrði innlendra lánastofnana og lánastofnana á Evrópska efnahagssvæðinu.

Helstu breytingar 1. mars voru þær að reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana féllu úr gildi, komið var á vikulegum uppboðum í endurhverfum viðskiptum til 14 daga í stað viðskipta þegar innlánsstofnun þóknaðist og nýtt fyrirgreiðsluform við bindiskyldar stofnanir var sett á laggirnar, daglán. Forvextir daglána eru 8,5% sem gefur um 8,87% ávöxtun á ári. Nýjar reglur um bindiskyldu tóku gildi 1. apríl. Bindigrunnurinn stækkaði þar sem við hann bættust erlend lán en bindihlutfall lækkaði úr 2,5% í 1,5% á bundnu ráðstöfunarfé. Fyrsti útreikningur bindiskyldu samkvæmt hinum nýju reglum var 21. maí. Sama dag var reikningskvóti lagður niður og Seðlabankinn hætti að bjóða innlánsstofnunum að leggja gjaldeyri á innlenda gjaldeyrisreikninga í bankanum.

Endurhverfir samningar

Ávöxtun í endurhverfum samningum Seðlabankans hefur ekki breyst á árinu 1998 þrátt fyrir breytingu á tilhögun þessara viðskipta þegar horfið var frá kranasölu og tekin upp vikuleg uppboð. Ávöxtun í þessum samningum hefur verið 7,2% og eru það helstu stýrivextir bankans. Haldin hafa verið uppboð vikulega frá því í mars og hefur meðalfjárhæð samþykktra tilboða numið 3,4 ma.kr. Nokkrar sveiflur hafa verið á innsendum tilboðum sem mótast hefur af þörf lánastofnana fyrir laust fé. Á fyrstu uppboðunum í mars var greinilegt að lánastofnanir voru að létta á lausafjárerfiðleikum sínum. Með tilkomu svonefndra daglána, sem bindiskyldar lánastofnanir hafa aðgang að, setur Seðlabankinn þak á útlánsvexti eins dags lána á millibankamarkaðnum með krónur.

Fjárvörslusamningar og markflokkar ríkisvíxla

Undanfarin tvö ár hafa verið í gildi fjárvörslusamningar um ríkisskuldabréf á milli Seðlabanka Íslands og nokkurra aðila á Verðbréfaþingi Íslands til að stuðla að traustari verðmyndun þeirra á eftirmarkaði. Gildandi samningar runnu út í lok maí. Nokkrir aðilar að Verðbréfaþingi hafa að eigin frumkvæði lýst því yfir að þeir muni gegna hlutverki viðskiptavaka fyrir markflokka ríkisskuldabréfa með eigi lakari hætti en fjárvörslusamningarnir fólu í sér.

Í vor var ákveðið að koma upp markflokkum ríkisvíxla með því að fækka flokkum þeirra og stækka þá sem á eftir koma. Í hinu nýja markflokkakerfi ríkisvíxla er gert ráð fyrir að á hverjum tíma verði 6 aðalmarkflokkar í umferð með gjalddaga annan hvern mánuð. Til viðbótar verða gefnir út 1-2 aukamarkflokkar með gjalddaga eftir 3 og 2½ mánuð.

Reglur um millibankamarkað fyrir krónur

Nýjar reglur um millibankamarkað fyrir íslenskar krónur voru settar 10. júní sem kveða á um skyldur markaðsaðila (viðskipta- og fjárfestingabankar og sparisjóðir) og hlutverk Seðlabanka meðal annars um birtingu REIBOR vaxta (Reykjavik Interbank Offered

Rates). Aðilar að þessum markaði, sem eru átta, skuldbinda sig til að setja stöðugt fram tilboð í ákveðnar tímalengdir. Seðlabankinn reiknar og birtir daglega út frá tilboðum markaðsaðila millibankavexti inn- og útlána á eins dags lánum, viku- og mánaðarlánum. Veruleg umskipti hafa orðið á veltu á þessum markaði frá því í mars þegar Seðlabankinn breytti fyrirgreiðslu sinni við lánastofnanir og núna með hinum nýju reglum. Dagleg meðalvelta á þessum markaði var um 1,8 ma.kr. í júní og júlí, og eru langflest viðskiptin eins dags lán. Millibankavextir sem Seðlabankinn reiknar og birtir eru gjarnan notaðir sem grunnur lána með breytilegum vöxtum og einnig gefur vaxtaþróunin upplýsingar um framboðs- og eftirspurnaraðstæður á markaðnum hverju sinni.

Þróun peningastærða

Peninga- og útlánastærðir hafa sýnt stígandi vöxt á árinu 1998. Bráðabirgðatölur fyrir júní gefa til kynna 10% vöxt útlána og markaðsverðbréfa innlánsstofnana frá áramótum og á síðustu 12 mánuðum er aukningin 18,7% sem er talsvert meiri aukning en á 12 mánuðum þar á undan, sbr. töflu. Hins vegar er nokkru minni vöxtur í útlánum innlánsstofnana án markaðsverðbréfa. Frá áramótum hafa þau aukist um 7,2%, miðað við 6,3% á sama tíma 1997, og síðustu 12 mánuði um 14,5%. Aukning innlána á árinu 1998 er einnig meiri en á árinu 1997 svo og verðbréfaútgáfa. Tólf mánaða vöxtur peningamagns (M3) til loka júní nam ríflega 14% sem er tvöfalt meiri vöxtur en á sama tímabili árið áður. Á það var bent í Hagtölum í júní að þessi mikla aukning peninga- og lánastærða bendi til aukningar nafnvirðis tekna og eftirspurnar sem er meiri en samrýmist lágri verðbólgu og vaxtargetu til langs tíma. Hins vegar er vöxtur endurlánaðs erlends lánsfjár minni í ár en á sama tíma í fyrra.

Tafla 1. Yfirlit um peningamál 1997-1998

	Staða	*Hreyfing (%)*	
	30/6	*6/96*	*6/97*
	1998	*-6/97*	*- 6/98*
Seðlabanki:			
Grunnfé	23.180	30,6	21,9
Bindireikningar	10.580	13,5	29,8
Seðlar og mynt í umferð	5.415	2,9	7,3
Innlánsstofnanir:			
Útlán og markaðsverðbréf	310.927	13,2	18,7
Þar af útlán	269.534	11,4	14,5
Innlán og verðbréfaútgáfa	256.044	9,5	16,2
Innlán	208.642	6,8	14,3
Verðbréfaútgáfa	47.402	24,9	25,0
Erlent lánsfé	56.836	55,2	11,9
Bankakerfi:			
Pen.magn og sparifé (M3)	214.057	6,7	14,1

Vaxta- og gengisþróun

Þróun á gjaldeyrismarkaði hefur einkennst af talsverðri styrkingu krónunnar á fyrri árshelmingi 1998. Hreint innstreymi gjaldeyris til Seðlabanka á millibankamarkaðnum hefur verið 17,6 ma.kr. frá áramótum. Á móti því hefur Seðlabankinn selt gjaldeyri umfram kaup vegna viðskipta ríkissjóðs og hefur gjaldeyrisforði nettó aukist um 5,4 ma.kr. frá áramótum. Á þeim tíma hefur krónan styrkst um 2,1% og í lok júní var gengisskráningarvísitalan 111,8469 stig, 2,75% undir miðgildi, þ.e. í sterkari hluta bandsins.



Heildarvelta á innlendum millibankamarkaði með gjaldeyri á fyrri árshelmingi 1998 nam um 200 ma.kr. og er þetta aukning í veltu frá sama tímabili á síðasta ári um rúm 300%. Stóraukning í veltu skýrist m.a. af breyttu markaðsfyrirkomulagi á millibankamarkaði sem tók gildi um mitt síðasta ár og einnig auknum fjölbreytileika gjaldeyristengdra viðskipta. Viðskipti Seðlabankans voru fyrir um 30 ma.kr. og er það um 15% af veltu. Hrein viðskipti Seðlabankans eru jákvæð á tímabilinu 17,6 ma.kr. Viðskipti bankans eru jákvæð alla mánuði á fyrri helmingi ársins, frá því að vera 233 m.kr. í 5,4 ma.kr á mánuði. Innstreymi gjaldeyris vegna útflutnings sjávarafurða og lánahreyfinga m.a. vegna ávöxtunarmunar við útlönd á peningamarkaði skýra jákvæð hrein viðskipti bankans. Frá ársbyrjun að 30. júní styrktist gengi krónunnar um 1,8%. Reyndar varð nokkurt útstreymi gjaldeyris um miðjan janúar, og hækkaði vísitala gengisskráningar, þ.e.a.s. krónan veiktist frá þeim tíma og út janúar um 0,7%. Frá lokum janúar og að 30. júní hefur vísitalan lækkað nær samfellt og gengi krónunnar því styrkst um 2,5%. Frekari lækkun hefur orðið á gengisskráningarvísitölunni fyrri hluta júlímánaðar.

Hrein verðbréfakaup innlendra aðila á verðbréfum útgefnum erlendis voru á fyrstu 5 mánuðum 1998 meiri en á sama tímabili á fyrri árum. Hrein verðbréfakaup erlendis námu samtals 6,8 ma.kr. samanborið við 3,1 ma.kr. á síðasta ári. Einungis 18% af 6,8 ma.kr. féll til fyrstu tvo mánuðina, sem líklega hefur átt sinn þátt í að ávöxtun á skuldabréfum innanlands lækkaði verulega fyrstu mánuði ársins.

Ávöxtun ríkisvíxla hefur tekið nokkrum breytingum frá áramótum. Ávöxtun þeirra hækkaði í febrúar en hefur síðan lækkað nokkuð. Ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla er um miðjan júlí 7,24% sem er svipað og var um síðustu áramót. Mismunur innlendra peningamarkaðsvaxta, veginna með viðskiptavog fyrir Ísland, og sambærilegra erlendra, hefur verið 2,73 prósentustig að meðaltali fyrstu sex mánuði ársins, en var



tæplega 2,7 prósentustig 1997. Þessi munur var mestur 3,01 prósentustig 25. febrúar en í lok júní 2,68 prósentustig.

Þróun ávöxtunar á skuldabréfamarkaðinum einkenndist af verulegum vaxtalækkunum fyrstu fimm mánuði þessa árs. Ávöxtun helstu markflokka spariskírteina lækkaði um 50-60 punkta og náði lágmarki um miðjan maí Ávöxtun spariskírteina með 17 ára líftíma fór niður í 4,27% og spariskírteini með 7 ára líftíma fór niður í 4,69%. Ávöxtunarkrafan á verðtryggðum spariskírteinum til skamms tíma náði einnig lágmarki um miðjan maí. Krafan fór niður í 4,47% á bréfum með gjalddaga í febrúar árið 1999 og 4,48% á bréfum með gjalddaga í febrúar árið 2000. Á sama tíma var ávöxtunarkrafa stærsta húsbréfaflokksins, þ.e. 96/2 flokksins, í lágmarki en hún var 4,84%.

Í apríl kom til innlausnar annar af tveimur óverðtryggðum ríkisbréfaflokkum og var þá gefinn út nýr flokkur með gjalddaga í október 2003. Ávöxtunarkrafa á nýja flokknum hefur þróast svipað og á eldri flokknum þó að líftími hans sé annar. Í febrúar sl. var krafan á ríkisbréfaflokknum 8,44% en var komin niður í 7,48% í lok apríl. Frá þeim tíma hefur krafan farið aðeins hækkandi og var um miðjan júlí 7,7%. Munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra og verðtryggðra ríkisverðbréfa með jafnlangan líftíma segir til um verðbólguvæntingar að teknu tilliti til áhættuálags. Fyrstu mánuði þessa árs lækkaði þessi munur verulega. Um miðjan janúar var munur á verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum með um 5 ára líftíma mestur 3,37%, og í lok apríl 2,65%. Frá byrjun maí hefur munurinn aukist og var hann um miðjan júlí 2,83%. Svipuð þróun hefur átt sér stað með muninn á milli verðtryggðra og óverðtryggðra bréfa sem hafa um 2 ár til innlausnar en sveiflurnar eru þó meiri enda tími til innlausnarstyttri. Af framangreindu má ætla að markaðsaðilar hafi fram eftir ári gert ráð fyrir minnkandi verðbólgu að meðaltali næstu 5 árin að öðru óbreyttu. Hins vegar hefur munur á milli verðtryggðra og óverðtryggðra bréfa verið nær óbreyttur.

NÝ VERÐBÓLGUSPÁ SEÐLABANKA ÍSLANDS

Nú þegar þróun verðlags á öðrum ársfjórðungi ársins 1998 liggur fyrir hefur Seðlabanki Íslands endurmetið verðbólguspá sína. Samkvæmt spánni verður verðbólga 2% á milli áranna 1997 og 1998, en 1,6% frá upphafi til loka ársins 1998. Verðbólga á öðrum ársfjórðungi var svipuð og bankinn spáði í apríl síðastliðnum.

Í apríl spáði Seðlabankinn 0,7% hækkun vísitölu neysluverðs á milli fyrsta og annars ársfjórðungs ársins 1998, sem svarar til 2,7% verðbólgu á ári. Þessi spá gekk eftir. Hækkun vísitölunnar er að mestum hluta til komin vegna hækkunar á verði þjónustu auk þess sem markaðsverð húsnæðis hækkaði nokkuð. Innfluttar vörur hafa hins vegar lækkað í verði og stuðlað að minni hækkun vísitölunnar. Undanfarið ár, þ.e. frá því í júlí 1997, hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæplega 1,9%. Á þessum tíma, líkt og frá fyrsta til annars ársfjórðungs þessa árs, hefur markaðsverð á húsnæði og verð á þjónustu stuðlað mest að hækkun vísitölunnar, en lækkun á verði innfluttra vara hefur dregið úr hækkun hennar.

Á þriðja fjórðungi ársins 1998 má gera ráð fyrir að verðbólga verði nokkru minni en á öðrum fjórðungi ársins og að hún lækki enn frekar undir lok þess, eins og verið hefur undanfarin ár. Spáð er að verðbólga frá upphafi til loka ársins 1998 verði nokkru minni en spáð var í apríl. Hækkun á gengi íslensku krónunnar frá því í apríl er helsta ástæða þess að spáin er nú lægri, en reiknað er með óbreyttu gengi krónunnar út árið frá þeim tíma sem spáin er gerð.[1] Aðrar breytingar á forsendum spárinnar frá því í apríl eru að gert er ráð fyrir lækkun innflutningsverðs í erlendri mynt í stað þess að það standi í stað auk þess sem gert er

1. Frá því að spáin var gerð í apríl hefur gengi íslensku krónunnar hækkað um tæplega 1,1% samkvæmt gengisskráningarvísitölunni. Frá fjórða ársfjórðungi ársins 1997 til annars ársfjórðungs ársins 1998 hækkaði gengið um rúmlega 2% samkvæmt sömu vísitölu.

ráð fyrir meira launaskriði. Eins og í apríl, er reiknað með að markaðsverð húsnæðis muni hækka umfram almenna verðlagsþróun og hafi þannig áhrif til hækkunar vísitölunnar, eins og verið hefur undanfarið.

Gert er ráð fyrir að innflutningsverð í erlendri mynt lækki um 0,5% á árinu 1998 í stað þess að standa í stað eins og reiknað var með í spánni í apríl. Við ákvörðun á þessari forsendu er aðallega tekið mið af spám OECD um þróun útflutningsverðs helstu viðskiptalanda Íslands. Á þessu ári hafa tvær slíkar spár verið gefnar út; í janúar og júní, og átti sér stað umtalsverð lækkun að meðaltali á milli þessara spáa.

Samanburður á mati Seðlabankans á almennum kjarasamningum og launaþróun eins og hún mælist í launavísitölu Hagstofunnar bendir til þess að launaskrið hafi aukist nokkuð frá fyrra ári. Frá fyrsta fjórðungi ársins 1997 til fyrsta ársfjórðungs 1998 var metið launaskrið 2% samkvæmt áætlunum Seðlabankans. Þótt nokkur vafi leiki á túlkun þess munar, sem er á mati bankans á kjarasamningum og launavísitölunni, þykir þó rétt að taka tillit til hans, einkum með hliðsjón af miklum vexti eftirspurnar og ástandi á vinnumarkaði. Því er gert ráð fyrir meira launaskriði á árinu 1998 en gert var ráð fyrir í spánni í apríl, eða 2,5% samanborið við 2% í spánni í apríl.

Í júní gaf Þjóðhagsstofnun út endurskoðaða þjóðhagsspá sína fyrir árið 1998, sem upphaflega var gefin út í mars á þessu ári. Í spánni í júní urðu litlar breytingar frá spánni í mars. Sú helsta er að gert er ráð fyrir litlu meiri vinnuaflsnotkun og hagvexti á árinu frá því sem gert var ráð fyrir í spánni í mars, þannig að framleiðnibreytingar á milli ára eru nánast óbreyttar frá því í spánni í mars. Því er gert er ráð fyrir 3% framleiðniaukningu í verðbólguspánni líkt og gert var ráð fyrir í apríl.

Ársfjórðungsleg þróun neysluverðs

	Spáð breyt. (%)	*Staðal-frávik (%)*	*Vísi-tölu-gildi**	*Ársfj.-breyt. á ársgr.(%)*	*Árs-breyt. (%)*
1997 1	0,2	-	178,7	0,8	1,9
2	0,6	-	179,7	2,4	1,7
3	0,7	-	181,0	2,8	1,6
4	0,4	-	181,8	1,7	1,9
1998 1	0,4	-	182,5	1,6	2,1
2	0,7	-	183,7	2,7	2,2
3	0,4	0,5	184,5	1,7	1,9
4	0,3	0,5	185,1	1,3	1,8

Ath.: Skyggða svæðið sýnir spátímabil.

Forsendur: Umsamin laun hækka um 4% í janúar 1998. Framleiðni eykst um 3% 1998. Launaskrið er 2,5% 1998. Nafngengi krónunnar er óbreytt frá 7. júlí. Innflutningsverð í erlendri mynt lækkar um 0,5% 1998.

* Ársfjórðungslegt vísitölugildi er reiknað sem meðaltal mánaðargilda, en fyrsti mánuður í ársfjórðungi og fyrsti mánuður í næsta ársfjórðungi fá hálft vægi hvor.

ENDURSKOÐUN GENGISSKRÁNINGARVOGAR

Þegar ný gengisskráningarvog var tekin upp í september 1995 var ákveðið að hún yrði framvegis endurskoðuð árlega í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta árið áður. Slík endurskoðun fór síðast fram í júní 1997. Í samræmi við þetta hefur gengisskráningarvogin nú verið endurskoðuð. Hin nýja vog mun mæla gengisbreytingar frá 30. júní 1998 og þar til ný vog verður tekin upp, væntanlega um svipað leyti á næsta ári. Breytingar frá fyrri vog eru einkum þær að vægi Bandaríkjadals eykst nokkuð á kostnað japansks jens og mynta landa Evrópu. Meðfylgjandi tafla sýnir nýju vogina og breytingar frá þeirri fyrri.

Áhersla skal lögð á að aðeins er um að ræða tæknilega breytingu á þeirri gengisvog sem notuð er við daglegan útreikning á gengi krónunnar og felur hún ekki í sér neina breytingu á gengisstefnunni. Markmið árlegrar endurskoðunar á voginni er að tryggja að hún endurspegli ætíð eins vel og kostur er samsetningu utanríkisviðskipta þjóðarinnar, bæði vöru- og þjónustuviðskipta.

Land	*Mynt*	*Út-flutn.-vog*	*Inn-flutn.-vog*	***Gengis-skrán.-vog***	*Breyting frá fyrri vog*
Bandaríkin	USD	25,90	22,27	**24,09**	1,63
Bretland	GBP	14,32	12,47	**13,39**	0,26
Kanada	CAD	1,56	1,18	**1,37**	0,06
Danmörk	DKK	8,53	9,79	**9,16**	-0,26
Noregur	NOK	7,34	9,19	**8,26**	-0,28
Svíþjóð	SEK	2,15	5,55	**3,85**	-0,28
Finnland	FIM	1,11	1,34	**1,22**	0,01
Frakkland	FRF	5,42	3,80	**4,61**	-0,14
Belgía	BEF	1,16	1,75	**1,46**	-0,09
Sviss	CHF	2,69	2,01	**2,35**	0,69
Holland	NLG	3,36	5,71	**4,53**	0,02
Þýskaland	DEM	13,69	13,95	**13,83**	-0,33
Ítalía	ITL	1,60	2,60	**2,10**	-0,16
Portúgal	PTE	1,95	0,79	**1,37**	0,03
Spánn	ESP	3,36	2,68	**3,02**	0,25
Japan	JPY	5,86	4,92	**5,39**	-1,42
Norður Ameríka		27,46	23,44	**25,45**	1,69
Evrópa		66,68	71,63	**69,16**	-0,27
Japan		5,86	4,92	**5,39**	-1,42
Alls		100,00	100,00	**100,00**	0,00

Breytt framsetning taflna um peningamál

Vakin er athygli á því að framsetningu taflna um peningamál hefur verið breytt. Einnig hefur heitum taflna III.7 (Útlán og markaðsverðbréf innlánsstofnana) og III.8 (Flokkun útlána og markaðsverðbréfa innlánsstofnana) verið breytt. Yfirlit yfir breytingarnar er að finna í neðanmálsgrein við hverja töflu.

1. tafla. Yfirlitstölur[1]

	Peningastærðir						Vextir				Verðlag og gengi	
	M1 með vöxtum 12 mán. breyting í lok tímab. %	M3 með vöxtum 12 mán. breyting í lok tímab. %	Innlán með. vöxtum 12 mán. breyting í lok tímab. %	Útlán og markaðsverðbréf innlánsst. 12 mán. breyting í lok tímab.%	Lausafjárstaða innlánsstofnana, hlutfall af innlán. og verðbr.útg. í lok tímab.	Endingartími gjaldeyrisforða í lok tímab. m.v. 12 mánaða meðalt. alm. innflutnings. Mánuðir[2]	Ávöxtun ríkisvíxla í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands, meðaltöl[3]	Ávöxtun spariskírteina í viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands meðalt.[4, 6]	Meðalvextir óverðtryggðra skuldabréfalána banka og sparisjóða[5]	Meðalvextir verðtryggðra lána banka og sparisjóða[5, 6]	Verðbólga, breyting neysluverðsvísitölu undangengna 12 mán. í %	Raungengi íslensku krónunnar m.v. verðlag 1980 =100
1980	61,9	65,4	67,1	66,4	8,1	2,5	.	3,5	.	.	55,7	100,0
1981	60,1	70,5	69,9	72,2	3,9	3,6	.	3,2	.	.	49,3	104,3
1982	29,1	58,0	59,7	92,0	-6,2	2,4	.	3,5	.	.	59,9	95,7
1983	77,9	78,7	80,2	85,6	-5,6	2,9	.	3,8	.	.	76,6	90,2
1984	42,5	33,4	33,8	43,0	-8,1	2,4	.	7,0	.	.	18,8	94,6
1985	27,3	47,6	48,2	29,7	-5,3	3,2	.	6,9	.	.	35,9	93,1
1986	43,3	35,0	34,9	19,1	-2,3	4,0	.	8,5	.	.	13,5	94,9
1987	31,7	35,2	35,4	42,1	2,1	2,7	.	8,0	.	.	24,4	104,0
1988	16,5	24,0	24,3	37,2	4,3	2,8	.	7,8	.	.	20,6	109,3
1989	32,8	27,2	27,6	25,2	8,3	3,5	.	7,0	.	.	25,2	100,5
1990	24,9	14,9	15,2	11,0	8,4	3,9	.	7,1	16,4	8,0	7,2	97,2
1991	19,9	14,4	14,6	11,5	9,1	3,7	.	8,3	17,7	9,2	7,5	99,8
1992	1,3	3,8	3,7	5,7	9,8	4,6	.	7,5	13,1	9,3	1,5	99,7
1993	5,4	6,5	6,5	7,0	10,6	4,7	8,4	6,7	14,3	9,1	4,7	94,3
1994	10,7	2,3	1,9	-0,1	5,8	2,9	4,7	5,0	10,6	7,9	0,5	89,2
1995	9,6	3,7	2,0	0,8	4,3	2,8	7,1	5,6	11,6	8,7	2,0	89,3
1996	8,5	6,8	6,9	12,4	7,9	3,3	6,8	5,5	12,4	8,9	2,1	89,5
1997	17,4	9,2	9,5	17,9	1,3	2,8	6,9	5,3	12,9	9,0	2,0	90,3
1995:												
Nóvember	0,8	1,9	1,8	1,4	5,9	2,7	7,0	5,6	12,1	8,8	2,1	89,4
Desember	9,6	3,7	2,0	0,8	4,3	2,8	7,0	5,7	12,1	8,8	2,0	89,4
1996:												
Janúar	10,8	3,6	3,5	4,7	5,1	2,9	7,3	5,8	12,1	8,8	1,6	89,5
Febrúar	9,5	3,8	3,2	4,9	5,3	2,7	7,4	5,8	12,9	9,0	1,7	89,5
Mars	9,6	3,9	3,9	6,1	8,0	2,9	7,3	5,7	12,6	8,9	2,0	89,4
Apríl	11,6	5,1	6,0	7,7	6,8	3,5	6,7	5,5	12,4	8,9	2,3	89,7
Maí	9,8	4,8	4,5	8,5	5,8	2,7	6,4	5,5	12,3	8,8	2,8	89,8
Júní	10,1	4,2	4,1	10,1	6,3	2,6	6,4	5,2	12,2	8,8	2,6	89,7
Júlí	11,8	5,0	4,9	8,0	8,9	3,2	6,4	5,4	12,2	8,8	2,4	89,8
Ágúst	9,1	4,4	4,2	8,0	8,9	2,8	6,4	5,4	12,2	8,8	2,6	90,1
September	8,0	3,9	3,9	7,8	8,7	2,7	6,7	5,5	12,2	8,8	2,5	89,9
Október	13,5	4,1	4,0	8,0	7,7	2,8	7,0	5,5	12,6	8,9	2,1	89,9
Nóvember	15,1	5,2	6,8	11,2	7,1	2,8	7,1	5,5	12,7	8,9	2,5	89,7
Desember	8,5	6,8	6,9	12,4	7,9	3,3	7,0	5,5	12,8	9,0	2,1	89,8
1997:												
Janúar	11,2	5,1	4,8	11,8	7,8	2,6	7,0	5,4	12,8	9,0	2,0	89,7
Febrúar	11,3	6,4	6,6	14,0	6,6	2,6	7,0	5,2	12,8	9,0	1,9	89,4
Mars	12,2	6,3	6,1	13,4	5,8	2,8	6,9	5,5	12,8	9,1	1,7	89,7
Apríl	10,2	6,8	6,7	13,3	7,1	3,0	6,8	5,6	12,9	9,1	2,2	90,0
Maí	11,7	6,2	6,2	13,3	6,9	3,1	6,9	5,4	13,1	9,1	1,4	90,4
Júní	10,7	6,6	6,7	13,8	5,6	3,6	6,9	5,5	13,1	9,1	1,8	90,8
Júlí	15,3	8,3	8,4	16,2	8,2	3,7	6,8	5,2	13,0	9,1	1,8	91,6
Ágúst	7,9	7,3	7,3	16,0	7,0	3,7	6,8	5,2	12,8	9,0	1,5	91,8
September	12,1	8,4	8,5	17,4	5,9	3,1	6,8	5,2	12,8	9,0	1,6	91,6
Október	11,8	10,3	10,3	18,6	4,1	2,7	6,9	5,2	12,8	9,0	1,9	90,5
Nóvember	9,4	9,8	9,9	15,0	3,8	2,9	7,0	5,3	12,9	9,0	1,7	90,2
Desember	17,4	9,2	9,5	17,9	1,3	2,8	7,2	5,3	12,9	9,0	2,0	91,2
1998:												
Janúar	21,3	11,1	11,3	17,4	2,8	2,7	7,2	5,0	12,9	9,0	2,2	91,2
Febrúar	25,1	11,4	11,2	17,6	1,5	2,6	7,2	5,0	12,9	9,0	2,0	91,7
Mars	12,6	8,4	8,8	17,0	-0,9	2,5	7,2	4,8	12,9	8,9	2,4	91,8
Apríl	17,8	9,3	8,8	17,6	-0,9	2,6	7,3	4,7	12,9	8,7	1,9	91,8
Maí	16,1	12,3	12,0	18,6	-1,7	2,6	7,3	4,6	12,9	8,7	2,4	91,8
Júní	16,7	14,2	14,3	18,7	-3,3	3,0	7,2	4,7	12,9	8,7	2,3	91,9
Júlí	...	...	...	...	...	...	...	...	12,9	8,7	1,9	92,1

1. Nýjustu tölur bráðabirgðatölur. 2. Á föstu gengi. 3. 1-3 mánaða ríkisvíxlar. 4. Spariskírteini til 5 ára eða lengri tíma. 5. Mánaðarlegir vextir banka og sparisjóða sem hér eru sýndir tóku gildi 21. þess mánaðar sem um ræðir og eru þeir vextir lagðir til grundvallar við framkvæmd vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 1. degi næsta mánaðar. 6. Ávöxtun umfram verðtryggingu.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Verðbréfaþing Íslands.

I. YFIRLITSTÖLUR

2. tafla. Yfirlitstölur

	Ríkisfjármál		Eignaverð		Utanríkisviðskipti			Framleiðsla, eftirspurn og atvinna		
	Tekjujöfn. ríkissj., % af tekjum, uppsafn. f. áram.[1]	Hrein láns-fjárþörf ríkissj., % af tekjum, uppsafn. f. áram.[1]	Hluta-bréfa-verð, 12 mán. % breyt.[2]	Íbúðaverð, á höfuðb.sv. nafnvirði 12 mán. % breyt.[3]	Vöru-útflutn. % breyt. á milli uppsafn. 12 mán. tímabila[5]	Vöru-innflutn. % breyt. á milli uppsafn. 12 mán. tímabila[5]	Vöruskipta-jöfnuður % af vöruútflutn. Uppsafn. síðustu 12 mán.	Fiskafli á föstu verðlagi 12 mán. % breyt.[4]	Velta í smásölu 12 mán. breyt. í % á verðlagi 1990[5,6]	Atvinnu-leysi % af mann-afla
1980	-0,8	0,9	…	…	60,2	60,0	3,5	...	...	0,3
1981	1,4	-1,0	…	…	46,5	56,3	-3,0	2,9	...	0,4
1982	2,5	5,1	…	66,7	29,7	54,0	-22,2	-16,1	...	0,7
1983	-9,9	9,8	…	43,6	119,6	75,2	2,5	-11,5	...	1,0
1984	3,8	0,8	…	31,6	26,5	31,6	-1,4	8,5	...	1,3
1985	-8,8	14,6	…	13,8	43,3	41,3	0,0	7,0	...	0,9
1986	-4,9	6,8	…	15,6	33,2	21,4	8,9	7,7	...	0,7
1987	-5,6	10,2	…	38,1	18,0	34,2	-3,7	5,5	...	0,4
1988	-11,2	12,9	…	36,3	16,2	12,7	-0,5	6,4	...	0,7
1989	-7,6	9,5	…	14,9	29,8	17,1	9,3	-5,6	...	1,6
1990	-4,8	7,8	78,0	12,6	15,5	20,7	5,2	-3,0	...	1,8
1991	-12,5	15,6	7,1	11,5	-1,0	8,0	-3,4	-5,0	3,2	1,5
1992	-6,9	7,8	-10,4	5,6	-4,1	-6,9	-0,4	1,3	-4,9	3,1
1993	-9,3	10,4	-17,0	-0,2	7,8	-6,4	12,8	2,2	-7,9	4,4
1994	-6,7	13,5	23,6	-1,2	19,0	12,9	17,2	-5,9	0,6	4,8
1995	-7,8	16,3	35,2	-1,5	3,5	10,8	11,4	-0,3	3,2	5,0
1996	-9,4	9,9	59,9	0,1	7,8	20,8	0,7	-1,0	2,2	4,3
1997	0,9	0,5	13,6	0,7	4,4	5,2	-0,1	1,6	3,4	3,9
1995:										
Maí	-16,3	25,4	25,2	-1,1	12,3	15,3	15,6	8,6	...	5,2
Júní	-9,4	18,3	29,6	0,2	10,0	15,7	13,8	-0,3	2,9	5,1
Júlí	-13,6	22,9	30,5	-0,4	10,1	15,9	12,8	-2,5	...	3,9
Ágúst	-14,8	25,8	27,4	-1,2	9,5	13,7	13,7	-3,6	2,9	4,3
September	-14,6	26,3	29,5	-1,3	7,8	15,0	12,3	-2,8	...	3,7
Október	-8,4	19,7	27,7	-3,5	7,8	9,2	13,3	-3,1	3,4	4,1
Nóvember	-9,6	19,6	33,4	-2,4	5,8	10,8	12,3	-1,0	...	4,5
Desember	-7,8	16,3	35,2	-2,5	3,5	10,8	11,4	-0,3	3,2	4,9
1996:										
Janúar	-21,8	42,7	45,1	1,4	1,8	10,5	9,6	60,5	...	5,9
Febrúar	-13,5	26,0	46,8	-2,0	3,0	10,8	10,5	40,4	3,2	5,0
Mars	-13,3	24,0	54,0	-2,7	4,7	9,8	10,4	25,6	...	5,0
Apríl	-6,7	-15,5	60,6	-2,9	6,0	12,3	9,1	14,3	3,6	5,0
Maí	-8,7	14,7	67,7	0,6	2,0	12,5	6,9	-5,4	...	4,6
Júní	-0,9	6,0	70,8	-3,3	3,6	11,2	7,4	-1,3	3,1	3,6
Júlí	-19,0	23,4	74,6	1,6	5,3	13,5	6,0	0,4	...	3,8
Ágúst	-19,9	24,3	70,6	4,7	5,9	15,2	6,1	-1,1	3,4	3,8
September	-19,4	23,8	73,0	-1,2	5,3	16,4	3,1	-2,7	...	3,3
Október	-12,1	16,5	71,7	-0,6	7,5	21,2	2,3	-2,4	2,5	3,7
Nóvember	-12,4	16,4	62,5	3,2	5,7	19,4	0,9	-0,9	...	4,0
Desember	-9,4	9,9	59,9	4,3	7,8	20,8	0,7	-1,0	2,2	4,5
1997:										
Janúar	-22,0	34,7	56,4	1,2	11,6	21,2	1,9	-21,3	...	5,2
Febrúar	-5,6	15,9	56,5	1,9	8,4	21,0	0,1	-5,4	1,9	4,4
Mars	-16,9	24,6	49,5	2,9	5,3	16,9	0,6	-9,4	...	4,6
Apríl	-7,8	15,5	71,7	3,3	6,3	17,3	-0,3	-1,0	1,3	4,7
Maí	-10,8	17,7	60,2	0,7	7,2	15,6	-0,5	12,4	...	4,2
Júní	-4,4	8,5	49,5	2,9	6,1	15,0	-0,4	11,5	1,5	3,7
Júlí	-6,6	9,0	43,9	0,4	5,7	12,0	0,4	4,2	...	3,6
Ágúst	-7,1	10,0	28,0	-3,4	3,7	11,5	-0,9	4,4	1,4	3,2
September	-6,8	11,9	21,3	0,9	6,3	9,7	0,0	5,0	...	3,0
Október	-1,6	5,1	17,1	3,1	4,6	6,7	0,3	5,4	2,8	3,3
Nóvember	-1,6	4,2	13,3	-0,4	5,0	5,3	0,6	0,6	...	3,0
Desember	0,9	0,5	13,6	-2,1	4,4	5,2	-0,1	1,6	3,4	3,7
1998:										
Janúar	-7,2	-2,2	5,1	0,9	0,0	7,4	-5,3	-23,2	...	4,0
Febrúar	4,3	-8,8	1,8	1,0	0,2	7,3	-7,0	-29,8	...	3,7
Mars	-0,9	0,0	-1,8	0,7	0,5	14,2	-13,0	-18,7	...	3,7
Apríl	1,4	-4,1	-21,9	-0,4	-1,4	11,9	-13,7	-13,3	...	3,4
Maí	-1,1	-1,4	-11,0	2,7	-0,1	14,7	-15,3	-19,0	...	2,9
Júní	...	...	-5,9	...	...	...	...	...	...	...

1. Á greiðslugrunni. 2. 12 mánaða breyting til loka tímabils. Byggt er á hlutabréfavísitölu VÍB í upphafi, en á þingvísitölu VÞÍ frá og með janúar 1993 og á Úrvalsvísitölu VÞÍ frá og með janúar 1998. 3. Breyting nafnverðs milli ársmeðaltala en mánaðartölur eru breyting frá sama mánuði fyrra árs. Verð á fermetra í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu. 4. Uppsafnað frá áramótum. 5. Prósentubreyting á milli uppsafnaðra 12 síðustu mánaða og 12 mánaða þar á undan. M.v. fob-verð.

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Ríkisbókhald, Verðbréfaþing Íslands, Verðbréfamarkaður Íslandsbanka, Fasteignamat ríkisins, Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun, Vinnumálastofnun.

1. tafla. Reikningar Seðlabankans

Milljónir króna	Staða í lok tímabils 1996	1997	Júní 1997	Júní 1998	Breytingar Júní 1998	Jan. - júní 1997	Jan. - júní 1998	1/7 '96-30/6 '97	1/7 '97-30/6 '98
1 Erlendir liðir	31.098	27.853	34.414	33.255	3.821	3.317	5.402	12.569	-1.159
11 Erl. eignir til skamms tíma, nettó	36.025	33.171	39.608	38.546	3.839	3.582	5.375	12.819	-1.062
12 Erlendar skuldir til langs tíma	-4.928	-5.318	-5.194	-5.291	-18	-266	27	-250	-97
2 Kröfur Seðlabanka á aðra en banka	7.616	10.030	2.873	3.594	-5.220	-4.744	-6.436	-8.820	722
21 Ríkissjóður, nettó	4.636	6.838	407	409	-5.240	-4.230	-6.428	-8.381	3
211 Aðalviðskiptareikningur	-3.178	-3.031	-8.351	-9.749	-5.341	-5.172	-6.717	-5.038	-1.398
212 Gjaldeyrisreikningar	-2.645	-2.944	-2.750	-3.023	-30	-105	-79	-266	-273
213 Ríkisvíxlar	275	2.801	2.218	3.119	155	1.943	318	-1.226	901
214 Ríkisbréf	998	975	813	1.004	-47	-185	29	261	190
215 Spariskírteini	9.186	9.037	8.475	9.059	23	-711	21	-2.113	584
22 Ríkisstofnanir, nettó	-956	-425	-934	-652	103	22	-227	-220	282
23 Kröfur á aðrar fjármálastofnanir	3.443	3.474	3.022	3.658	-133	-421	184	-247	636
24 Aðrar kröfur	493	143	378	179	49	-115	36	28	-199
3 Kröfur á innlánsstofnanir	1.878	6.494	5.452	8.699	1.048	3.574	2.205	3.049	3.247
31 Endurhverf verðbréfakaup	1.368	6.474	5.381	8.047	924	4.014	1.573	4.773	2.665
32 Aðrar skammtímakröfur	0	15	62	650	125	62	635	43	588
33 Verðbréf	13	5	8	2	-1	-5	-3	-539	-6
34 Lán innan erlends lánakvóta	497	0	0	0	0	-497	0	-1.228	0
4 Innstæður annarra fjármálastofnana	-2.623	-4.486	-3.956	-2.188	2.352	-1.333	2.298	-1.315	1.768
5 Ýmsar eignir, nettó	-18.901	-20.224	-19.768	-20.181	563	-866	43	-1.023	-413
6 Grunnfé	19.067	19.668	19.015	23.180	2.563	-52	3.512	4.459	4.165
61 Seðlar og mynt í umferð	5.475	5.752	5.045	5.415	-120	-430	-337	146	370
62 Sjóður og innstæður innlánsstofnana	13.592	13.916	13.970	17.765	2.683	378	3.849	4.313	3.795
621 Bindireikningar [1]	7.728	8.646	8.152	10.580	1.368	425	1.934	968	2.428
622 Innstæðubréf	0	0	600	3.513	410	600	3.513	600	2.913
623 Veltufjármunir	5.864	5.270	5.217	3.671	906	-647	-1.598	2.746	-1.546
624 Endurhverf verðbréfasala	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1. Fyrir 31. maí 1998 ná tölur yfir bundnar innstæður, en bindireikningar tóku við af þeim 21. maí 1998.

Ný framsetning þessarar töflu birtist nú í fyrsta sinn og hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar: Það sem nú heitir „aðrar fjármálastofnanir“ hét áður fjárfestingarlánasjóðir. Liðurinn „aðrar skammtímakröfur“ innlánsstofnana nær yfir þá liði sem áður hétu „stuttir víxlar“ og „reikningsskuldir“. Liðurinn „innstæður sjóða í opinberri vörslu“ er ekki sýndur sem sérstakur liður heldur er hann innifalinn í liðnum „ýmsar eignir ,nettó“. Liðurinn „bindireikningar“ kemur í stað liðarins „bundnar innstæður“.





II. PENINGAMÁL

2. tafla. Reikningar bankakerfisins

Milljónir króna	Staða í lok tímabils 1996	1997	Júní 1997	Júní 1998	Breytingar Júní 1998	Jan. - júní 1997	Jan. - júní 1998	1/7 '96-30/6 '97	1/7 '97-30/6 '98
1 Erlendir liðir	-5.953	-26.193	-16.678	-31.551	413	-10.725	-5.358	-12.644	-14.873
11 Erl. eignir til skamms tíma, nettó	38.919	32.328	39.324	30.576	1.101	406	-1.752	5.677	-8.749
12 Erlendar skuldir til endurlána	-44.871	-58.522	-56.002	-62.127	-688	-11.131	-3.605	-18.321	-6.125
2 Útlán og markaðsverðbréf	258.451	298.280	277.751	318.417	-1.393	19.300	20.137	30.864	40.666
21 Ríkissjóður og ríkisstofnanir	28.668	33.184	33.107	32.926	-6.064	4.439	-258	879	-181
22 Bæjar- og sveitarfélög	7.917	8.224	7.866	7.588	-331	-51	-636	-141	-278
23 Lánastofnanir aðrar en bankar	14.364	18.833	14.231	21.064	1.141	-133	2.232	4.364	6.833
24 Atvinnuvegir	138.601	158.531	150.655	171.174	4.056	12.054	12.643	19.215	20.519
25 Einstaklingar	68.901	79.509	71.892	85.665	-195	2.991	6.157	6.546	13.773
3 Aðrar fjármálastofn. (innstæður = -)	-2.623	-4.486	-3.956	-2.188	2.352	-1.333	2.298	-1.315	1.768
4 Annað, nettó	-32.913	-27.708	-30.200	-21.950	3.103	2.713	5.758	2.376	8.250
5 Samtals (1+2+3+4=6+7)	216.963	239.893	226.917	262.729	4.474	9.955	22.836	19.281	35.811
6 Peningamagn, sparifé og verðbréf (M4)	215.428	238.819	225.481	261.459	4.270	10.054	22.640	19.322	35.978
61 Verðbréfaútgáfa	32.022	38.589	37.936	47.402	198	5.915	8.813	7.571	9.466
62 Peningamagn og sparifé (M3)	183.406	200.230	187.545	214.057	4.072	4.139	13.827	11.751	26.512
621 Bundin innlán	69.989	83.186	71.171	83.293	428	1.182	106	9.797	12.122
622 Peningamagn og alm. sparifé (M2)	113.417	117.044	116.375	130.764	3.644	2.957	13.720	1.953	14.390
6221 Almennt sparifé	71.859	68.260	72.852	80.017	4.445	993	11.757	-2.307	7.165
6222 Peningamagn (M1)	41.558	48.784	43.522	50.747	-801	1.964	1.963	4.261	7.225
62221 Veltiinnlán	36.083	43.032	38.477	45.332	-681	2.394	2.300	4.115	6.855
62222 Seðlar og mynt í umferð	5.475	5.752	5.045	5.415	-120	-430	-337	146	370
7 Aðrar innlendar lántökur	1.535	1.074	1.436	1.270	205	-99	196	-41	-166

Ný framsetning þessarar töflu birtist nú í fyrsta sinn og hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar: Það sem nú heitir „Útlán og markaðsverðbréf„ hét áður „Lán og endurlán“. Það sem nú heitir „aðrar fjármálastofnanir“ hét áður „Ýmsir sjóðir“. Felld er niður sundurliðun á liðnum „verðbréfaútgáfa“ (sjá töflu III.3.).

3. tafla. Greiðslumiðlun

Heildarvelta tékka	1995	1996	1997	4. ársfj. 1996	4. ársfj. 1997	1. ársfj. 1997	1. ársfj. 1998	%-br. milli 1.ársfj. '96-'97	%-br. milli 1.ársfj. '97-'98
1 Heildarvelta, (millj. kr.)	791.834	752.044	707.836	193.830	183.703	163.905	151.686	-9,5	-7,5
2 Fjöldi tékka (1000 stk.)	11.935	9.821	8.479	2.383	2.077	1.993	1.770	-19,9	-11,2
Debetkortanotkun									
1 Velta í milljónum króna:	111.639	147.228	177.937	40.458	51.234	36.578	45.701	15,9	24,9
11 Innanlands	111.079	146.238	176.605	40.166	50.879	36.333	45.385	15,7	24,9
111 Verslun	25.356	40.459	54.331	11.640	16.832	10.071	13.936	27,1	38,4
112 Bankar	78.072	95.329	109.840	25.700	30.544	23.750	28.254	11,8	19,0
113 Hraðbankar	7.651	10.450	12.434	2.826	3.503	2.513	3.195	12,6	27,1
12 Erlendis	560	990	1.333	292	354	245	315	50,7	28,8
121 Verslun	...	65	…	22	…	18	29	111,7	60,0
122 Bankar	...	925	…	270	…	227	286	47,4	26,4
2 Færslufjöldi í þús.:	12.763	17.807	22.371	4.879	6.552	4.360	5.776	16,2	32,5
21 Innanlands	12.699	17.696	22.213	4.846	6.510	4.333	5.744	16,1	32,5
211 Verslun	9.914	14.188	18.191	3.903	5.413	3.477	4.704	17,3	35,3
212 Bankar	1.303	1.451	1.568	379	418	355	396	3,4	11,4
213 Hraðbankar	1.482	2.057	2.454	564	680	501	644	17,6	28,6
22 Erlendis	64	111	158	34	42	27	32	48,5	21,0
Kreditkortanotkun									
1 Velta í milljónum króna	64.771	74.896	82.408	19.390	20.941	19.366	21.877	9,7	13,0
11 Innanlands	55.862	64.220	70.410	16.094	17.243	17.362	19.476	9,2	12,2
12 Erlendis	8.910	10.677	11.998	3.296	3.698	2.003	2.401	14,5	19,8
2 Færslufjöldi í þús.	18.837	20.068	21.775	5.010	5.449	5.068	5.699	5,2	12,4
21 Innanlands	17.684	18.684	20.262	4.584	4.990	4.833	5.426	4,8	12,3
22 Erlendis	1.153	1.384	1.513	426	458	235	273	13,7	16,0
Fjöldi debetkorta í lok tímabils	154.927	189.146	207.358	189.146	207.358	197.117	218.085	20,9	10,6
Fjöldi kreditkorta í lok tímabils	132.424	145.633	161.574	145.633	161.574	147.731	160.744	9,4	8,8

1. tafla. Reikningar lánakerfisins

Milljarðar króna	Staða í lok tímabils				Breytingar			
			Mars		Mars		Jan. - mars	
Eignir:	*1996*	*1997*	*1997*	*1998*[1]	*1997*	*1998*[1]	*1997*	*1998*[1]
1 Útlán og innlend verðbréfaeign	899,9	991,8	923,0	1.027,7	23,1	35,9	64,9	104,7
11 Bankakerfi	258,4	300,2	271,0	307,8	12,6	7,6	26,3	36,8
12 Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuvega	80,5	85,3	80,9	97,1	0,4	11,8	2,4	16,3
13 Íbúðalánasjóðir	201,8	218,6	205,1	221,4	3,4	2,8	15,9	16,3
14 Lífeyrissjóðir	276,1	315,1	288,6	319,2	12,5	4,1	44,6	30,6
15 Tryggingarfélög	30,0	31,4	33,1	33,8	3,1	2,4	3,3	0,6
16 Eignarleigur	11,1	16,3	12,3	17,2	1,2	0,9	3,7	4,9
17 Verðbréfasjóðir	18,4	30,9	19,1	39,1	0,7	8,1	5,3	19,9
18 Útlönd	296,7	326,7	292,2	331,4	-4,4	4,7	8,5	39,2
19 Lánasjóðir ríkisins	85,6	85,9	85,9	87,6	0,3	1,7	1,0	1,7
Milli samtala	1.258,6	1.410,4	1.288,4	1.454,5	29,7	44,1	110,9	166,2
frá dragast innbyrðis viðskipti	-358,8	-418,6	-365,4	-426,9	-6,6	-8,2	-46,0	-61,4
Eignir = skuldir	899,9	991,8	923,0	1.027,7	23,1	35,9	64,9	104,7
Skuldir:								
3 Innlendar skuldir	658,4	737,1	677,7	763,6	19,3	26,5	61,9	85,9
31 Innlán og seðlar	166,1	181,8	165,1	180,6	-1,0	-1,1	8,3	15,5
32 Verðbréf	74,3	85,9	75,5	89,7	1,2	3,8	-1,3	14,2
33 Tryggingarsjóður	29,1	30,4	32,3	33,0	3,3	2,5	3,0	0,6
34 Lífeyrissjóðir	302,0	345,9	307,7	356,9	5,7	11,0	39,8	49,2
35 Eigið fé lánastofnana	94,9	102,1	98,1	100,1	3,3	-2,0	6,7	2,0
36 Annað nettó	-7,9	-9,0	-1,1	3,3	6,8	12,3	5,4	4,4
4 Erlendar skuldir nettó	241,4	254,7	245,3	264,1	3,8	9,4	3,0	18,8

1. Bráðabirgðatölur og áætlaðar tölur að hluta.

2. tafla. Útlánaflokkun lánakerfisins [1]

Milljarðar króna	Staða í lok tímabils				Breytingar			
			Mars		Mars		Jan. - mars	
Eignir:	*1996*	*1997*	*1997*	*1998*[1]	*1997*	*1998*[1]	*1997*	*1998*[1]
1 Ríkissjóður og ríkisstofnanir	146,8	151,5	150,3	157,9	3,5	6,4	-2,3	7,6
2 Bæjar- og sveitarfélög	43,1	43,7	43,1	44,6	0,0	0,9	1,8	1,5
3 Atvinnuvegir	359,3	410,8	372,3	429,6	13,0	18,8	35,9	57,3
4 Heimili	350,6	385,8	357,3	395,6	6,7	9,8	29,5	38,4
Samtals útlán	899,9	991,8	923,0	1.027,7	23,1	35,9	64,9	104,7

1. Útlánaflokkun er áætluð að hluta.



III. FJÁRMAGNSMARKAÐIR

3. tafla. Reikningar innlánsstofnana

	Staða í lok tímabils				Breytingar				
			Júní		Júní	Jan. - júní		1/7 '96-	1/7 '97-
Milljónir króna	*1996*	*1997*	*1997*	*1998*	*1998*	*1997*	*1998*	*30/6 '97*	*30/6 '98*
1 Lausafjárstaða, alls	16.448	3.515	12.491	-8.449	-4.094	-3.957	-11.964	-157	-20.940
11 Erlend staða	2.893	-843	-284	-7.970	-2.738	-3.177	-7.127	-7.142	-7.686
12 Staða gagnvart Seðlabanka	4.497	-1.219	-226	-4.375	-18	-4.723	-3.156	-2.070	-4.149
121 Seðlar og mynt	1.047	1.159	1.551	1.724	190	505	566	353	173
122 Óbundnar innstæður	4.818	4.111	3.666	1.947	715	-1.152	-2.164	2.392	-1.719
123 Skuldir til skamms tíma	0	-15	-62	0	0	-62	15	-43	62
124 Endurhv.verðbréfakaup(+)/-sala(-)	-1.368	-6.474	-5.381	-8.047	-924	-4.014	-1.573	-4.773	-2.665
13 Ríkisvíxlar	9.058	5.576	13.001	3.896	-1.337	3.943	-1.681	9.054	-9.105
2 Aðrar kröfur á Seðlabanka	7.728	8.646	8.752	14.093	1.777	1.025	5.447	1.568	5.341
21 Bindireikningar	7.728	8.646	8.152	10.580	1.368	425	1.934	968	2.428
22 Innstæðubréf	0	0	600	3.513	410	600	3.513	600	2.913
3 Útlán og markaðsverðbréf	241.777	282.674	261.877	310.927	5.165	20.100	28.253	30.622	49.050
31 Útlán	221.537	251.373	235.431	269.534	4.722	13.895	18.161	24.101	34.103
32 Markaðsverðbréf	19.258	30.712	25.954	41.121	436	6.696	10.409	7.180	15.167
33 Eignarleigusamningar	983	588	492	272	7	-491	-316	-659	-219
4 Fullnustueignir	9.373	7.483	9.766	6.933	-408	393	-549	349	-2.833
5 Afskriftareikningur útlána	-9.732	-8.010	-8.103	-8.539	-98	1.630	-529	1.718	-436
6 Samtals	265.593	294.308	284.784	314.965	2.342	19.191	20.658	34.100	30.181
7 Innstæður alls	177.931	194.479	182.500	208.642	4.192	4.569	14.163	11.605	26.142
71 Veltiinnlán og geymslufé	36.083	43.032	38.477	45.332	-681	2.394	2.300	4.115	6.855
72 Almenn spariinnlán	71.859	68.260	72.852	80.017	4.445	993	11.757	-2.307	7.165
73 Bundin spariinnlán	69.989	83.186	71.171	83.293	428	1.182	106	9.797	12.122
8 Verðbréfaútgáfa	32.022	38.589	37.936	47.402	198	5.915	8.813	7.571	9.466
81 Verðtryggð og gengisbundin	24.061	27.439	25.230	36.548	-198	1.169	9.109	2.544	11.318
82 Óverðtryggð	8.105	12.621	12.709	11.307	108	4.604	-1.314	4.929	-1.403
83 Frá dregst: millibankakröfur	-145	-1.470	-3	-453	288	141	1.018	98	-449
9 Aðrar innlendar lántökur	1.535	1.074	1.436	1.270	205	-99	196	-41	-166
